



## Hrönn Pálmadóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands:



*Communities in play: Young preschool children's perspectives on relationships, values and roles á íslensku Samfélag í leik: Sjónarhorn ungra leikskólabarna á tengsl, gildi og hlutverk.*

Athöfnin fer fram föstudaginn 30. október nk. kl. 13:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Alison Clark prófessor Institute of Education, University of London, Englandi og dr. Anette Sandberg prófessor Mälardalen University, Svíþjóð.

Leiðbeinendur voru dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi dr. Eva Marianne Johansson prófessor, University of Stavanger, Noregi. Auk þeirra sat í doktorsnefndinni dr. Sue Dockett prófessor, Charles Sturt University, Ástralíu

Dr. Ólafur Páll Jónsson prófessor, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Föstudaginn 30. október nk. kl. 13:00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Hrönn Pálmadóttir ritgerð sína *Communities in play: Young preschool children's perspectives on relationships, values and roles á íslensku Samfélag í leik: Sjónarhorn ungra leikskólabarna á tengsl, gildi og hlutverk*

## Um verkefnið

Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á sjónarhorni leikskólabarna á samfélag sitt eins og það kemur fram í leik. Rannsóknin var í fjórum hlutum þar sem sjónum var beint að mikilvægum þáttum sem tengjast samfélagi barna í leik. Þátttakendur voru börn á tveimur deildum í einum leikskóla og voru þau eins til þriggja ára gömul. Í fyrsta hluta rannsóknarinnar var kannað hvernig börnin leituðu eftir samskiptum við félag sína í leik. Annar hluti fjallaði um tjáningu barnanna á gildum og hvernig þau leystu átök sem áttu sér stað í leiknum. Þriðji hlutinn beindist að því að skoða skilning barnanna á hlutverki starfsmanna í leik þeirra. Loks snerist fjórði hluti rannsóknarinnar um aðferðafræðilegar áskoranir í rannsóknarferlinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að í augum barnanna var þátttaka í leik mikilvæg en gat jafnframt verið erfið áskorun. Þegar börnin sköpuðu merkingu í leik var líkamleg tjáning þungamiðja samskiptanna. Þrjú lykilþemu, sem fólu í sér andstæð sjónarhorn, birtust í samskiptum barnanna. Samfélag barnanna í leik var vettvangur fyrir: (a) tengsl og höfnun, (b) skuldbindingu eða ójöfn valdatengsl, (c) nálægð og fjarlægð. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta meðal annars að í umræðu um þróun leikskóla og hlutverk þeirra í samfélaginu þarf líka að taka mið af reynslu og sjónarhorni barna á daglegt líf sitt í leikskóla. Ekki er nóg að horfa aðeins til metnaðarfullra opinberra gagna um menntunarleg markmið eða viðhorfa leikskólakennara til samskipta barna í leik.

## About the project

The overall aim of the thesis was to gain knowledge of young children's perspectives on their communities in play in preschool. To accomplish this, four studies were conducted, each of them focusing on children's perspectives on issues of importance for the creation of play communities with peers as well as their encounters with the educators and the researcher. The research was conducted with children aged one to three years, in two units in one preschool in Iceland. The first study focused on how the children communicated and expressed their desire to play with their peers. The second study centred upon children's communication and expression of lived values. The third study explored the meaning that children put into involving the educators into their play. The fourth study dealt with methodological challenges during the research process.

The findings indicate that, in the eyes of the children, the communities in play were both desirable and challenging encounters. The centrality of the body was a predominant factor in children's meaning-making. The communication and expression was built upon intersubjective processes including the peers and the adults in the play sessions. Three key themes where contrasting perspectives appeared were identified across the four studies. Children's communities of play provided an arena for: (a) relationships versus rejection; (b) commitment versus unequal power relations; and (c) closeness versus distance. One of the conclusions drawn from the research is that it is not enough to explore curriculum documents, ambiguous policy papers on educational goals or the preschool educators' views on children's interaction in play. Children's perspectives on their lived experiences in their communities in play in preschool have to become known and be considered an important part of the discourse in ECEC.

## Um doktorsefnið

Hrönn Pálmadóttir (f. 1954) er lektor við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar í starfi og rannsóknum tengjast aðallega leikskólastiginu þar sem þátttaka barna og samskipti í leik og leikskóli án aðgreiningar eru í brennidepli. Hrönn er með leikskólakennarapróf frá Fósturskóla Íslands, próf í sérkennslufræðum frá Statens lærerhøgskole í Oslo, B.Ed. próf í grunnskólakennarafræðum og meistaraþróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands.

Hrönn hefur reynslu af starfi með börnum á leik- og grunnskólastigi og hefur starfað við kennaramenntun frá árinu 1993, fyrst í Fósturskóla Íslands og síðar í Kennaraháskóla Íslands og nú á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún hefur tekið þátt í rannsóknar- og þróunarstarfi í leikskólum á sínu rannsóknarsviði auk þess að taka þátt í rannsóknarverkefnum með öðrum kennaramenntunar-stofnunum á Norðurlöndum, Skotlandi, Nýja-Sjálandi og Ástralíu.

Hrönn er gift Sævari Guðbjörnssyni, blaðamanni, og eiga þau börnin Örn Úlfar, Kára Jóhann, Örnur Ýri og Ívar og þrjú barnabörn, þau Orra, Völu Melkorku og Sóleyju.